

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 — 1982

Nr. 704.

1242

9. desember 1982.

REGLUGERÐ

um láглаunabætur.

1. gr.

Reikna skal út bætur til lágtekjufólks í samræmi við heimild í bráðabirgðalögum nr. 79/1982 og eftir því sem greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Bæturnar skal greiða til manna sem náð höfðu 16 ára aldri fyrir árslok 1981 og lögheimili áttu hér á landi í lok þess árs.

Skattstjórar skulu annast útreikning bótanna og skulu miða við upplýsingar á skattframtölum árið 1982 með þeim breytingum sem ákvarðaðar hafa verið á þeim fyrir 1. desember 1982, sbr. þó 8. gr.

3. gr.

Stofn til útreiknings láглаunabóta skal vera fjárhæð launa skv. reit 21 á skattframtali 1982, þ. e. laun og endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast t. d. biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og orlofsfé, þ. m. t. fæðingarorlofsgreiðslur, svo og verkfærapeningar, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, svo og framlög og gjafir sem gefnar eru sem kaupauki. Hér við bætist fjárhæð reiknaðra launa skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, sbr. reit 24 á skattframtali 1982.

Af þessum stofni, að fráðregnum 25 000 kr., reiknast 12% bætur.

4. gr.

Láглаunabætur skv. 3. gr. skulu skerðast um fjárhæð sem nemur 40% af skerðingarstofni. Skerðingarstofn ákvarðast þannig:

1. Skerðingarstofn skal ákvarðaður sem útsvarsstofn framteljanda að viðbættum helmingi af eignarskattsstofni sem umfram er 326 250 kr. eða vera jafnhár stofni til útreiknings bóta, sbr. 1. mgr. 3. gr., hvort sem hærri er.
2. Skerðingarstofn hvors hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, skal þó vera, hvort sem hærri er, 80% af stofni viðkomandi skv. 1. tl. eða helmingur af samanlögðum stofnum beggja samkvæmt sama tölulið.
3. Lækka skal skerðingarstofn skv. 1. og 2. tl. um 75 000 kr. hjá hverjum manni áður en skerðing reiknast samkvæmt þessari grein. Fyrir hvert barn á framfæri skal að auki lækka skerðingarstofn hjá einstæðu foreldri um 10 000 kr., en um 5 000 kr. hjá hvoru hjóna.

5. gr.

Hjá þeim mönnum sem hafa námsfrádrátt skv. 1. mgr. 3. tl. C-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, sbr. reit 51 á skattframtali 1982, skal lækka láглаunabætur skv. 3. og 4. gr. í hlutfalli við upphæð námsfrádráttar þannig að bæturnar falli niður hafi námsfrádráttur verið 10 875 kr. eða hærri.

6. gr.

Láglaunabætur skulu greiddar úr ríkissjóði og skulu þær greiddar út í áföngum. Bætur samkvæmt reglugerð þessari eru fyrsti greiðsluáfangi og skal í þeim áfanga greiða 55/180 af heildarfjárhæð reiknaðra bóta skv. 2.—5. gr. Sé heildarfjárhæð reiknaðra bóta 1 650 kr. eða lægri skal þó greiða helming þeirra.

Lágmarksfjárhæð hverrar greiðslu láglaunabóta skal vera 500 kr. og falla reiknaðar bætur sem ekki ná því marki niður við útborgun.

7. gr.

Þeir framteljendur sem skv. 2.—6. gr. reglugerðar þessarar hafa fengið útreiknaðar láglaunabætur og hafa hærri greidd laun skv. reit 21 en reiknuð laun skv. reit 24 eða hafa verið slysatryggðir sem bændur skulu fá bæturnar greiddar úr ríkissjóði í desember 1982.

8. gr.

Aðrir en þeir sem um ræðir í 7. gr., sem telja sig eiga rétt á láglaunabótum samkvæmt reglugerð þessari, skulu senda skattstjóra skriflega umsókn þar að lútandi eigi síðar en 15. janúar 1983. Skattstjóri skal við afgreiðslu á umsóknum samkvæmt þessari grein rannsaka sérstaklega framtöl, ársreikninga og önnur skattgögn umsækjanda. Hafi umsækjandi ákvarðað sér lægri reiknuð laun en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra til ákvörðunar reiknaðs endurgjalds fyrir viðkomandi starfsgrein tekjuárið 1981 segja til um er skattstjóra heimilt að endurákvarða þau reiknuðu laun til hækkunar og miða stofna til útreiknings láglaunabóta skv. 3. og 4. gr. við það.

Skattstjóri skal hafa lokið afgreiðslu umsókna samkvæmt þessari grein fyrir 1. mars 1983.

9. gr.

Telji einhver láglaunabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra í umdæmi sínu fyrir 1. febrúar 1983. Kærufrestur þeirra er um ræðir í 8. gr. skal þó vera til 1. apríl 1983. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur. Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kæranda í ábyrgðarbréfi. Úrskurðir skattstjóra eru fullnaðarúrskurðir og verða ekki bornir undir önnur stjórnvöld.

10. gr.

Að lokinni ákvörðun láglaunabóta skv. 7., 8. og 9. gr. skulu skattstjórar semja skrá um alla þá sem rétt eiga á láglaunabótum og senda til ríkisfóhvirðis sem annast skal greiðslu bóttanna.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 79/1982 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. desember 1982.

Ragnar Arnalds.

Lárus Ögmundsson.